

Timburhólagrill

verður haldið í skógræktarreitnum við Timburhóla föstudagskvöldið 18. júlí. Kolin verða orðin heit kl. 20:00. Sjúmst sem flest, allir velkomnir.
Umf. Samhygð

Samhygðar- og Vökumót

fer fram í umsjá Umf. Samhygðar þetta árið á íþróttavellinum við Félagslund þann **16. ágúst**. Mótið hefst kl. 13:00. Fólk er beðið um að taka daginn frá í tíma og stefna að spennandi og skemmtilegri keppni.

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing við Félagslund	1. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	1. júlí
Skógarganga á Hnauti	2. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	2. júlí
Frjálsíþróttaskóli UMFÍ	7. – 11. júlí
Íþróttæfing við Félagslund	8. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	8. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	9. júlí
Gönguferð kvenfélaganna	13. júlí
Skilfrestur á starfsumsókn til Flóahr.	15. júlí
Íþróttæfing við Félagslund	15. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	15. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	16. júlí
Timburhólagrill	18. júlí
Hekluganga	19. júlí
Íþróttæfing við Félagslund	22. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	22. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	23. júlí
Íþróttæfing við Félagslund	29. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	29. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	30. júlí
Tillögur að umhverfisverðlaunum til Unglingalandsmót í Þorlákshöfn	1. ágúst
	1.- 4. ágúst.



Áveitan



7. tbl. júlí 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Skrifstofustarf

Flóahreppur auglýsir eftir starfsmanni á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg.

Um er að ræða 50 % starf frá kl. 9:00 – 13:00 sem felst í símvörslu og öðrum almennum skrifstofustörfum.

Gerð er krafa um tölvukunnáttu og færni í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af skrifstofustörfum og geti hafið störf sem fyrst.

Laun verða greidd samkvæmt kjarasamningum FOSS.

Skriflegum umsóknum þarf að skila til skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfossi fyrir 15. júlí, merkt "skrifstofustarf".

Allar frekari upplýsingar veitir Margrét Sigurðardóttir í síma 480-4370.



Frá sveitarstjóra

Skrifstofa Flóahrepps

Skrifstofa Flóahrepps hefur fengið nýtt símanúmer, 480-4370. Síminn er opinn frá kl. 9:00-13:00 alla virka daga.

Skrifstofan verður lokað dagana 5. - 8. ágúst, vikuna eftir verslunarmannahelgi, vegna sumarleyfa.

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri verður í sumarfrí frá 6. ágúst til 25. ágúst.

Fundir sveitarstjórnar Flóahrepps verða samkvæmt eftirfarandi sumarið 2008:

Mánudaginn 28. júlí í Þingborg kl. 20.30

Fimmtudaginn 28. ágúst í Þingborg kl. 20.30

Efni fyrir fund þarf að berast að minnsta kosti tveimur virkum dögum fyrir fundi.

Heimasíða skipulags-og byggingarfulltrúa er: www.sveitir.is

Byggingarfulltrúi: Helgi Kjartansson

Dalbraut 12 / 840 Laugarvatn

sími: 486-1145

símatímar 9.00-12.00 alla virka daga.

netfang: helgi@sudurland.is

Skipulagsfulltrúi: Pétur Ingi Haraldsson

Dalbraut 12 / 840 Laugarvatn

sími: 486-1145

símatímar 9.00-12.00 alla virka daga nema miðvikudaga.

netfang: petur@sudurland.is

Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa í sumar eru fyrirhugaðir, 8. júlí, 29. júlí og 19. ágúst.

Skrifstofa Skipulags-og byggingarfulltrúa verður lokað 5. - 8. ágúst vegna sumarleyfa starfsmanna.

Frekari upplýsingar og eyðublöð má nálgast á www.sveitir.is og/eða hjá skrifstofu Flóahrepps. Fulltrúi Flóahrepps í skipulagsnefnd er Aðalsteinn Sveinsson, netfang adalsteinn@floahreppur.is

Félagsmálafulltrúi: Nanna Mjöll Atladóttir

Laugarási, Bláskógabyggð.

Sími er 480-8800

netfang: felagsmalastjori@laugaras.is

Fulltrúi Flóahrepps í félagsmálanefnd er Guðrún Jónsdóttir, Sandbakka, netfang sandb@emax.is

17. júnímót Umf. Samhyðar 2008

Strákar

Stelpur

Langstökk

Nafn	ár	Lengsta stökk
Sölvi Ólafsson	1995	3,93
Ásbjörn Pálmason	2000	2,94
Guðlaugur Ísak Gíslason	1998	2,90
Ólafur Jóhannesson	1998	2,79
Viðar Janus Helgason	1997	2,76
Haukur Snær Gunnarsson	1996	2,76
Unnar Freyr Bjarnarson	1998	2,71
Þórarinn Guðni Helgason	1999	2,50
Guðjón Leó Tyrtingsson	2001	2,33
Baldur Þór Bjarnarson	1998	2,10
Ármann Baldur Bragason	2002	1,86
Kári Kristinsson	2001	1,80
Mattías Gíslason	2001	1,57
Vilhelm Steindórsson	2002	1,28

Nafn	ár	Lengsta stökk
Hugrún Hlín Gunnardóttir	1994	3,82
Inga Hanna Gunnarsdóttir	1997	3,10
Margrét Ýr Bárðardóttir	1996	3,07
Guðbjörg Hrönn Tyrfingsdóttir	1996	2,92
Soffía Pálmadóttir	1997	2,82
Ingveldur Þorsteinsdóttir	1994	2,76
Arndís Hildur Tyrfingsdóttir	1998	2,68
Guðrún Jóhannesdóttir	2000	2,56
Sólrun Inga Gísladóttir	1996	2,41
Sigrún Stefánsdóttir	2002	1,30
Ásthildur Ragnarsdóttir	2003	0,90

60 m hlaup

Nafn	ár	Tími
Sölvi Ólafsson	1995	9,8
Guðlaugur Ísak Gíslason	1998	10,7
Magnús Freyr Bárðarson	1998	10,8
Unnar Freyr Bjarnarson	1998	10,9
Viðar Janus Helgason	1997	11,0
Ólafur Jóhannesson	1998	11,1
Ásbjörn Pálmason	2000	11,1
Haukur Snær Gunnarsson	1996	11,4
Guðjón Leó Tyrtingsson	2001	11,8
Þórarinn Guðni Helgason	1999	13,5
Baldur Þór Bjarnarson	1998	14,3
Ármann Baldur Bragason	2002	14,9
Kári Kristinsson	2001	15,0
Ágúst Þorsteinsson	2005	20,3
Geir Logi Þórisson	2005	25,5
Fróði Kristinsson	2005	26,6

Nafn	ár	Tími
Hugrún Hlín Gunnardóttir	1994	9,7
Guðbjörg Hrönn Tyrfingsdóttir	1996	10,3
Sólrun Inga Gísladóttir	1996	10,4
Margrét Ýr Bárðardóttir	1996	10,7
Arndís Hildur Tyrfingsdóttir	1998	11,1
Soffía Pálmadóttir	1997	11,4
Guðrún Jóhannesdóttir	2000	11,6
Sigrún Stefánsdóttir	2002	15,5
Ásthildur Ragnarsdóttir	2003	19,2

400 m hlaup

Nafn	ár	Tími
Ásbjörn Pálmason	2000	01:38,7
Ólafur Jóhannesson	1998	01:44,5
Viðar Janus Helgason	1997	01:58,5
Haukur Snær Gunnarsson	1996	01:59,8
Þórarinn Guðni Helgason	1999	02:23,9
Ármann Baldur Bragason	2002	02:51,0
Guðjón Leó Tyrtingsson	2001	02:56,7

Nafn	ár	Tími
Hugrún Hlín Gunnardóttir	1994	01:28,0
Sólrun Inga Gísladóttir	1996	01:39,7
Guðrún Jóhannesdóttir	2000	01:53,3
Guðbjörg Hrönn Tyrfingsdóttir	1996	01:57,0
Arndís Hildur Tyrfingsdóttir	1998	02:01,5
Sigrún Stefánsdóttir	2002	02:09,0
Ingveldur Þorsteinsdóttir	1994	02:34,3
Soffía Pálmadóttir	1997	02:54,7
Asthildur Ragnarsdóttir	2003	03:12,3

Skora ég á hana Þóreyju frænku mína Ingimundardóttir að skrifa næsta pistil.

Guð blessi ykkur öll!

Elvar
Hamri

Frá Umf. Samhygð

17. júní

Hátíðarhöld á 17. júní fóru fram í blíðskaparveðri og lögðu margir leið sína í Félagslund á Þjóðhátíðardaginn. Þátttaka í íþróttamóti barna var góð en úrslit eru á næstu síðu. 17. júní bikarinn fyrir besta afrek var veittur Sölva Ólafssyni þriðja árið í röð en hann stökk 3,93 m í langstökki sem gefur 710 stig.

Íþróttæfingar

eru á þriðjudagskvöldum kl. 20:00 við Félagslund. Jökull Baldursson og Ás-
laug Ýr Bragadóttir stjórna æfingum. Allir krakkar eru hvattir til að mæta.

Afmælishátíð

Afmælishátíð Umf. Samhygðar og KvF Gaulverjabæjarhrepps þann 21. júní heppnaðist afar vel. Um 130 manns sóttu samkomuna og nutu matar, fjölda góðra ávarpa, frábærra skemmtiatriði og kántríspilamennsku Klaufanna fram eftir kvöldi. Stjórn Umf. Samhygðar vill koma fram kærri þakklæti fyrir allar þægu góðu kveðjur og gjafir sem félagið hlaut í tilefni 100 ára afmælis síns.

Úrslit af Héraðsmóti HSK

Samhygðarfólk lagði leið sína á Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum 9. og 10. júní. Félagið náði 6. sæti í stigakeppni félaga með 25 stig alls. Úrslit einstakra keppenda urðu eftirfarandi.

Markús Ívarsson

3. sæti	1500 m	6:59,40 min
5. sæti	800 m	3:15,23 min
2. sæti	5000 m	25:43,77 min

Ingibjörg Markúsdóttir

5. sæti	Kúluvarp	7,73 m
8. sæti	Kringlukast	14,36 m

Stefán Geirsson

1. sæti	Kúluvarp	10,71 m
1. sæti	Kringlukast	34,20 m

Ársreikningur

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2007 var samþykktur af sveitarstjórn 19. júní s.l. að loknum tveimur umræðum.

Rekstarniðurstaða var jákvæð um rúmlega 56 milljónir.

Rekstur sveitarfélagsins skiptist í A og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð.

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi Flóahrepps eru vatnsveita og leiguíbúðir.

Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Rekstrartekjur kr. 348.066.443

Rekstrargjöld kr. 290.929.412

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur kr. 978.620

Rekstrarniðurstaða kr. 56.158.411

Eigið fé kr. 314.451.887

Skuldir kr. 133.902.806

Eignir kr. 448.354.693

Árið 2007 er fyrsta heila árið í rekstri Flóahrepps.

Ársreikninginn má sjá á heimasíðunni, www.floahreppur.is, stjórnsýsla, fjárhagsáætlanir og ársreikningar.

Sorpmál

Sveitarstjórn samþykkti á fundi 4. júní s.l. að skrifað verði undir samning um sorphirðu, endurvinnslu og jarðgerð ásamt fylgiskjöllum um verktilhögun og tilboð í hirðu á tunnum fyrir lífrænan úrgang, endurvinnanlegan og óendurvinnanlegan úrgang ásamt því að jarðgera lífrænan úrgang. Einnig var samþykkt tilboð í kynningu á breyttu fyrirkomulagi í sorphirðu sem fram fer í sumar. Framkvæmd verður með því móti að allir íbúar Flóahrepps fá tvær tonnur til viðbótar þeirri tunnu sem fyrir er. Aukatunnurnar verða fyrir endurvinnanlegt sorp annars vegar og lífrænt sorp hins vegar. Íslenska Gámafélagið mun sjá um ráðgjöf og fræðslu til íbúa Flóahrepps í sumar. Samningur gildir í fimm ár eða til ársins 2013.

Með þessum samningi hefur Flóahreppur, fyrst dreifbýlissveitarfélaga á Íslandi, tekið forystu í endurvinnslu á lífrænu sorpi og pappír í samvinnu við Íslenska Gámafélagið, þar sem allir íbúar eru þátttakendur í að gera sveitarfélagið enn umhverfisvænni en áður.

Vatnsmál

Vatnsnotendur í Flóahreppi eru vinsamlegast beðnir um að stilla vatnsnotkun í hóf eins og unnt er.

Það má t.d. gera með því að láta vatn renna í ílát fyrir hross í úthögum eða kynna sér lausnir til brynningar.

Á síðasta ári örlaði á vatnsskorti vegna þurrka og þar sem veður hefur verið þurrt undanfarið er ástæða til að ætla að svipað ástand geti myndast nú.

Viðbragðsáætlun liggur fyrir um dælingu á vatni úr vatnsbólum til að tryggja nægilegt neysluvatn í Flóahreppi í sumar ef þörf krefur.

Sími hjá vatnsveitu er 862-6848.

Vinna vegna hugsanlegs samstarfs við Ásahrepp og Rangárþing ytra í vatnsöflunarmálum er í gangi.

Gerðar hafa verið rennismælingar í Vatnsveitu Flóahrepps og Götuveitu í Rangárþingi til að áætla notkun og verið er að leggja lokahönd á greinargerð um vatnsmál.

Umsóknir um starf leikskólustjóra

Þrjár umsóknir bárust um starf leikskólustjóra við leikskólann Krakkaborg sem auglýst var í apríl.

Gengið hefur verið frá ráðningu Fanneyjar Halldóru Kristjánsdóttur. Fanney er leik-og grunnskólakennari og er í meistaranámi í menntunarfræðum með áherslu á stjórnun.

Hún hefur starfað sem grunnskólakennari á Neskaupstað síðasta ár en áður starfaði hún sem leikskólakennari um nokkurra ára skeið.

Fanney mun hefja störf í Krakkaborg 5. ágúst n.k.

Grenjaskytta

Gerður hefur verið samningur við Birgi Örn Arnarson um grenjaleit og refaveiðar í Flóahreppi. Birgir hefur reynslu af grenjavinnslu í Ölfusi og Bláskógabyggð auk þess að hafa stundað vetrarveiði í 8 ár. Hann er umboðs-og innflutningsaðili á dýragildrum til minka-og refaveiða og hefur notið leiðsagnar í Bandaríkjunum við lagningu þeirra. Hann er félagi í Bjarmalandi, félagi atvinnuveiðimanna á ref og mink.

Birgir tekur að sér grenjavinnslu í Flóahreppi út grenjavinnslutímabilið eða til 31. júlí 2008. Óskað er eftir samráði og samvinnu við bændur og landeigendur í sveitarfélaginu. Þeir sem veitt geta upplýsingar um greni eða hafa séð til tófu í sveitarfélaginu, geta haft samband við Birgi í síma 891-8898 eða 482-2116.

Rafmagnsmál

Sveitarstjórn hefur samþykkt að óska eftir tímasettri framkvæmdaáætlun frá Rarik um þriggja fasa rafvæðingu í Flóahreppi með áherslu á að ljúka þeim framkvæmdum sem allra fyrst.

Framkvæmdir í skólumálum í Flóahreppi

Á fundi sveitarstjórnar 4. júní s.l. voru lagðir fram minnisþingar frá fundi fræðslunefndar Flóahrepps með sveitarstjórn 26. maí 2008 ásamt skýrslu fræðslunefndar um niðurstöður íbúafundar sem haldinn var um skólumál í Flóaskóla 17. apríl 2008.

Pistillinn

Sælir lesendur góðir!

Verð víst að taka áskorun Einars í Kotinu og skrifa smá pistil, þó ætla ég að sleppa að sækja mér álfatar fjöður að dýfa í blek og læt tölvu og internet duga:)

Þó má til gamans geta að álfatar fjaðrir sem fundust á Galtarstöðum til forna voru eign kirkju og klerks.

Já, það var nú mælt á annan hátt ríkidæmið þegar við vorum litlir við Einar, það var reiknað í ömmum og öfum og frænkum osf. jafnvel í leggjum og kjálkum, sem höfð voru sem búsmali hjá litlum pollum í þá daga.

Það hvað tímarnir breytast og hve hratt allt tekur kollsteypu í veröldinni er með ólíkindum.

Á Hamri hef ég búið í 22,ár. Þá var hefðbundinn búskapur á flestum jörðum, þó grisjun búa hafi verið byrjuð.

Nú er það sem við vitum, varla kú að sjá og sauðfé heldur litið hornauga en hitt. Enda varla von að skilningur sé á hvernig tilfinning það er, að lamb sem fæðist í vor, sé í sjötta lið út af henni Friðu sem fædd var 1966 og hvað þá að nokkur geti látið sér detta í hug að hægt sé að sjá sama svip, kynslóð fram af kynslóð hjá kindum.

Nei lesendur góðir nú er það tískan, að lifa af öðru en landinu og ekkert við því að gera þó ríkir menn í höfuðstaðnum og jafnvel útlöndum safni jörðum og jafnvel fylli þær af hrossum.

Það sjálfsagt veitir þeim og þeirra fólki lifshamingju að tala um jörðina sína og hrossin sín og hversu mikils virði það allt er í milljónum talið og hve hátt BLUP stóðið hefur.

Enda eru það menn eins og ég sem selt hafa landið, selt það til að geta haldið hokrinu áfram og heyrð jarmið á vorin og fuglasöngin og notið þess að lifa með landinu.

Aðrir hafa flutt í burtu og selt þeim sem hæst bauð. Sem betur fer byggjast upp ný hús og býli, sem viðhalda mannlífni til sveita.

Þó að peningar sé talið ríkidæmi og auður, þá hafa síðustu vikur sýnt okkur að það er æði fallvalt alltsaman og sá sem var ríkur fyrir áramót er jafnvel fátækur í dag.

En sá sem er umkringdur góðu fólki, og nýtur kærleiks í lífinu, eins og við Einar og fleirri, er í raun sá sem lifir hið eina og sanna Ríkidæmi.

stigakeppni mótsins með 63 stig. Vaka átti einnig stigahæsta karl mótsins sem var Haraldur Einarsson en hann náði í 35 stig. Árangur okkar fólks var eftirfarandi:

Haraldur Einarsson:

1. sæti	100 m hlaup	12,34 sek
1. sæti	400 m hlaup	57,11 sek
1. sæti	Þristökk	12,10 m
2. sæti	Langstökk	6,03 m
1. sæti	110 m grindahlaup	19,92 m
1. sæti	200 m hlaup	25,49 sek

Rúnar Hjálmarsson:

4. sæti	Hástökk	1,50 m
4. sæti	100 m hlaup	13,44 sek
2. sæti	Sleggjukast	24,0 sek
2. sæti	400 m hlaup	64,43 sek
3. sæti	Þristökk	9,72 m
1. sæti	1500 m hlaup	6:13,37 mín

Guðmunda Ólafsdóttir

5. sæti	Kringlukast	18,00 m
8. sæti	Kúluvarp	6,54 m

Íþróttæfingar

Krakkar! Munið íþróttæfingarnar í Þjórsárverri á miðviku-dagskvöldum kl. 20:00.

Hulda Kristjánsdóttir þjálfar yngri og Tómas Karl Guðsteinsson þau eldri.

Íþróttanefnd

Leikjanámskeið

Dagana 9. – 20. júní sl. stóðu ungmennafélögin í Flóahrepp fyrir leikjanámskeiði fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára. Námskeiðið var vel sótt og voru að jafnaði um 22 börn sem mættu. Á námskeiðinu var farið í allskonar leiki, fótbolta, frjálsar íþróttir, göngutúra, ratleiki, krikket, sund og margt fleira. Kennari var Ólafur Guðmundsson.

Fjölmargir foreldrar hafa haft samband og list ánægju sinni með námskeiðið. Það er gott að fá að heyra frá fólki hvað þeim finnst um starf ungmennafélagsins, bæði um það sem vel er gert og einnig hvað megi bæta eða gera meira.

Stjórn Umf Vöku

Í ljósi niðurstaðna þeirrar skýrslu er það tillaga fræðslunefndar að unglिंगadeild verði stofnuð við Flóaskóla og að tillit verði tekið til þeirrar stækunar í útreikningum og undirbúningi vegna frekari þróunar skólans. Þess er farið á leit við sveitarstjórn að fyrsti árgangur 8. bekkjar við Flóaskóla verði starfræktur skólaárið 2009-2010.

Sveitarstjórn þakkaði fræðslunefnd fyrir góðan fund og vel framsetta skýrslu og samþykkti að gerð verði úttekt og unnar tillögur að staðsetningu og fyrirkomulagi við uppbyggingu skólamála.

Einnig var samþykkt að setja á stofn stýrihóp vegna verkefnisins sem í eiga sæti skólastjóri, sveitarstjóri, fulltrúi fræðslunefndar, fulltrúi sveitarstjórnar og umsýjnarmaður fasteigna.

Sala fasteigna

Sveitarstjórn samþykkti nýlega að auglýsa tvær af fasteignum sínum til sölu. Um er að ræða Gaulverjaskóla og jörðina Irpuholt.

Skólaskrifstofa Suðurlands hefur sagt upp samningi við sveitarfélagið um leigu á Gaulverjaskóla en þar hefur verið rekið meðferðarúrræði fyrir börn með hegðunar- og tilfinningaraskanir síðan 2006.

Reiðvegir

Sveitarstjórn hefur sent Vegagerðinni bréf vegna reiðvega í sveitarfélaginu. Þar kemur m.a. fram að sveitarstjórn telji nauðsynlegt að leggja reiðveg meðfram Gaulverjabæjarvegi í átt að Stokkseyri þar sem nýlega var lagt bundið slitlag. Jafnframt telur sveitarstjórn brýnt að ljúka lagningu góðra reiðleiða meðfram Villingaholtsvegi og Gaulverjabæjarvegi þar sem lagt var bundið slitlag fyrir nokkrum árum.

Einnig er bent á að undirgöng undir þjóðveg nr. 1 við Þjórsárbrú eru lokuð af með veggirðingum sem gerir þau ónothæf.

Gjöf til Flóahrepps frá Stefáni Guðmundssyni

Stefán Guðmundsson í Túni hefur afhent Flóahreppi til eignar, safn af ræðum hans og framsöguerindum frá því hann var oddviti fyrrum Hraungerðishrepps, 1966-1994.

Kjör oddvita og varaoddvita

Samkvæmt samþykktum um stjórn og fundarsköp fyrir Flóahrepp er kosið til eins árs í júní hvert ár um oddvita og varaoddvita.

Á fundi sveitarstjórnar 19. júní s.l. var Aðalsteinn Sveinsson kosinn oddviti og Guðbjörg Jónsdóttir var kosinn varaoddviti.

Unglingavinna

Unglingavinna hófst 16. júní undir stjórn Birgittu Þóru Sigurðardóttur. Áætlað er að unglिंगavinnan verði starfandi í 5 vikur.

Ósk um efni á heimasíðu

Íbúar og allir þeir sem áhuga hafa á Flóahreppi og málefnum hans eru hvattir til að senda fréttir, auglýsingar og fleira á netfangið floahrep-pur@floahreppur.is til birtingar á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is

Auglýsing um Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi.

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að Aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi.

Skipulagsupprættir, greinargerð og skýringarupprættir liggja frammi á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg frá 19. júní til 31. júlí.

Ennfremur verða gögn aðgengileg á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is, hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og hjá

skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Skriflegum athugasemdum skal skila til Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfoss, merkt aðalskipulag, fyrir 1. ágúst 2008.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tilögunni.

Til íbúa Flóahrepps

Þann 17. apríl sl. stóð fræðslunefnd sveitarfélagsins fyrir íbúafundi í Flóaskóla þar sem rædd voru mál er tengjast framtíðaruppbyggingu skólamála. Mæting íbúa og þátttaka á fundinum var mjög góð og margt gagnlegt kom þar fram.

Fræðslunefnd hefur nú unnið úr niðurstöðum fundarins og tekið saman skýrslu sem tekin var fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 4. júní sl. Í skýrslunni koma m.a. fram tillögur fræðslunefndar um áframhaldandi vinnu varðandi uppbyggingu skóla.

Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Flóahrepps á slóðinni www.floahreppur.is Hafi íbúar ekki aðgang að internetinu er hægt að fá útprentað eintak sent með því að hafa samband við Margréti Sigurðardóttur sveitarstjóra í síma 480-4370 eða Kristínu Sigurðardóttur skólastjóra í síma 663-5720.

Íbúum er þökkúð þátttakan og þeim áhuga sem þeir hafa sýnt frekari þróun skólastarfs í sveitarfélaginu.

Fræðslunefnd Flóahrepps.

Hestur í óskilum

Brúnn ómarkaður hestur, 4-5 vetra, er í óskilum í Langholti II hjá Ragnari.

Upplýsingar í síma 482-1061, Langholt eða 480-4372, skrifstofa Flóahrepps.

6. Ægir Atlason	'98	5,74m
7. Ýmir Atlason	'00	3,70m
8. Sæþór Atlason	'04	2,24m
9. Unnsteinn Reynisson	'03	2,18m

Kúluvarp stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	'97	6,41m
2. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	2,09m
3. Elizabeth Karen Bogans	'03	1,15m

Gestir

Ingibjörg Hjörleifsdóttir	'96	6,41m
Ólöf Björk Sigurðardóttir	'95	6,16m

800m hlaup stráka

1. Arnar Einarsson	'96	3,17 mín
2. Halldór Bjarnason	'96	3,24 mín
3. Ægir Atlason	'98	3,29 mín
4. Sveinn Orri Einarsson	'96	3,37 mín
5. Þorgils Kári Sigurðarson	'98	3,42 mín
6. Víkingur Freyr Erlingsson	'96	3,44 mín
7. Ýmir Atlason	'00	4,08 mín
8. Unnsteinn Reynisson	'03	5,32 mín
9. Sæþór Atlason	'04	5,48 mín

800m hlaup stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	'97	4,02 mín
----------------------------	-----	----------

Stigakeppni:

Strákar	Stig
1. Halldór Bjarnason	13
2. Arnar Einarsson	12
3. Sveinn Orri Einarsson	6
4. Víkingur Freyr Erlingsson	5
5. Ægir Atlason	4

Stelpur

Stig	
1. Guðrún Inga Helgadóttir	16
2. Kolbrún Katla Jónsdóttir	9
3. Elizabeth Karen Bogans	6
4. Marta Brynjólfssdóttir	2

Héraðsmót HSK

Umf. Vaka átti þrjá keppendur á Héraðsmóti HSK sem haldið var á Laugarvatni 9. og 10. júní sl. Liðið gerði sér lítið fyrir og lenti í 3. sæti í

60m hlaup stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	'97	11,2 sek
2. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	15,5 sek
3. Elizabeth Karen Bogans	'03	15,7 sek
4. Marta Brynjólfssdóttir	'03	16,0 sek
5.-6. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	'04	37,4 sek
5.-6. Soffía Náttól Andradóttir	'06	37,4 sek

Gestir

Ingibjörg Hjörleifsdóttir	'96	10,3 sek
Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir	'96	10,5 sek
Kristrún Gestsdóttir	'95	10,7 sek
Dagbjört Henný Ívarsdóttir	'96	11,0 sek

Langstökk stráka

1. Halldór Bjarnason	'96	4,02m
2. Arnar Einarsson	'96	3,92m
3. Ægir Atlason	'98	3,60m
4. Sveinn Orri Einarsson	'96	3,35m
5. Víkingur Freyr Erlingsson	'96	3,27m
6. Þorgils Kári Sigurðarson	'98	3,03m
7. Ýmir Atlason	'00	2,93m
8. Sigurður J. Bogans	'01	2,56m
9. Dagur Fannar Einarsson	'02	2,00m
10. Unnsteinn Reynisson	'03	1,74m
11. Sæþór Atlason	'04	1,68m
12. Sigurjón Reynisson	'05	0,66m

Gestur

Tómas Örn Ragnarsson	'01	2,10m
----------------------	-----	-------

Langstökk stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	'97	3,75m
2. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	1,99m
3. Elizabeth Karen Bogans	'03	1,96m
4. Marta Brynjólfssdóttir	'03	1,42m

Gestir

Ingibjörg Hjörleifsdóttir	'96	3,55m
Ólöf Björk Sigurðardóttir	'95	3,52m
Kristrún Gestsdóttir	'95	3,40m
Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir	'96	3,32m

Kúluvarp stráka

1. Víkingur Freyr Erlingsson	'96	8,35m
2. Halldór Bjarnason	'96	7,73m
3. Sveinn Orri Einarsson	'96	6,88m
4. Arnar Einarsson	'96	6,53m
5. Þorgils Kári Sigurðarson	'98	6,04m

Frjálsíþróttaskóli

Ungmennafélags Íslands

Frjálsar íþróttir er frábær félagsskapur, hreyfing, skemmtun og útivera. Ungmennafélag Íslands starfsrækir frjálsíþróttaskóla vikuna 7.-11. júlí fyrir ungmenni 11-18 ára.

Spennandi tækifæri fyrir ungmenni sem vilja reyna sig í fyrsta sinn eða efla sig í frjálsum íþróttum. Veldu þann stað sem hentar þér og taktu þátt í góðum félagsskap. Auk íþróttæfinga verða kvöldvökur, varðeldur, gönguferðir og ýmsar óvæntar upptökur.

Frjálsíþróttaskólinn verður á eftirfarandi stöðum: Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Laugum í Reykjadal, Egilsstöðum og Vík. Þátttakendur dvelja í íþróttabúðum á viðkomandi stað frá mánudegi til föstudags. Þátttökugjald er kr. 15.000. Innifalið er kennsla, fæði og húsnæði.

Skólinn er góður undirbúningur fyrir Unglingalandsmót. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu UMFÍ, www.umfi.is og í síma 568-2929.

Ungmennafélag Íslands

Rúllun

Tek að mér að rúlla fyrir bændur. Er með vicon samstæðu með söxun og netbindingu. Geri tilboð í stærri verk. Útvega plast sjálfur. Upplýsingar í síma 696-8653 eða 486-3390

Sigmar Aðalsteinsson
Jaðarkoti

Umhverfisverðlaun Flóahrepps 2008

Tillögur að umhverfisverðlaunum fyrir Flóahrepp berist til Umhverfisnefndar á netfangid langsstadir@simnet.is fyrir 1. ágúst 2008.

Umhverfisnefnd Flóahrepps

Eiríkur K. Eiríksson skrifar:

Ferð í Rjómabúið 1935

Árið 1904 stofnuðu bændur úr Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarhrepum rjómabú að Baugstöðum í Stokkseyrarhreppi. Nokkrir bændur úr Villingaholtshreppi gerðust þar félagsmenn. Fyrstu tvö árin borgaði Rjómabúið 1,50 kr. fyrir rjómalitran, svo fór hann smáhækkandi uppí 6,60 kr. árið 1920. Þetta var í lok fyrri heimsstyrjaldar. Þá var dýrtíð í landinu, svo fór verðið lækkandi aftur. Þessi rjómasala var einn þáttur búskapar þessara heimila þar til M.B.F. tók smátt og smátt við mjólkursölu eftir að vegir lögðust. Mikil skömm fyrir þá menn er réðu hér austan Helligheiðar að gefa eftir og leggja niður nafn Mjólkurbús Flóamanna og taka upp skammstöfunina M.S. sem er einnig skammstöfun á hræðilegum lömunarsjúkdómi. Nóg um það.

Þeir menn sem fluttu rjómann í Baugstaðarjómabú voru kallaðir rjómapóstar. Þeir eru ekki margir eftir á svæðinu. Ég get ekki fundið nema 2 í Villingaholtshreppi, þá Gest í Forsæti og Eirík á Gafli.

Nú langar mig að segja frá einum rjómaflutningsdegi. Ég flutti rjóma frá Gafli tvö sumur 1935 og 1936. Þessi dagur sem ég segi frá var síðast í september. Rigningarhaglandi á suðaustan. 1935 þá var ég 9 ára gamall. Ég lagði af stað á sama tíma og venja var, aðeins fyrir kl. 10 fyrir hádegi. Þegar ég kom að Hamri þá stoppaði Þorkell mig, hann stóð fyrir norðan hlöðuna, hann bað mig að taka smákassa sem hann ætti í rjómbúinu, ég sagðist skyldi reyna að taka hann. Svo hélt ég áfram á móts við Syðri-Völl, þar var Gísli á Velli kominn út á hlað, og áfram haldið. Við Gaulverjabæ var Lúðvík Jónsson í Vaðlakoti kominn með sinn rjóma. Svo móts við Brandshús kom Gunnar Jóhannesson, hann var með reiðingshest og tvo brúsa litla, sjálfur sat hann ofan í milli en hann var aðeins 7 ára gamall. Þá var ekki komin skipun frá Brussel að engin yngri en 18 ára megi vinna. Svo dóluðum við út í Rjómabú, þegar þangað kom fórum við að rjómaþúsdyrunum og tókum þar ofan rjómaþúsana. Svo voru þeir afhentir inn í búið. Lúðvík í Vaðlakoti gerði það, hann var sá eini sem var löglegur til vinnu, 18 ára gamall. Við bundum svo hestana við hæla sem reknir voru niður skammt frá búinu. Svo fórum við inn í Rjómabúið, þar var Margrét Júníusdóttir rjómaþússtýra farin að taka á móti rjómanum sem við komum með. Hún opnaði brúsana hvern fyrir sig, tók matskeið sem var í hillu hjá henni, renndi henni í rjómann, smakkaði á, stakk svo skeiðinni í vatnsilát sem var fyrir ofan hana. Eftir þvottinn setti hún skeiðina á hilluna aftur. Þessa aðferð notaði hún við hvern brúsa. Þetta var nokkurskonar gerlaprúfa. Hún var að prófa hvort rjóminn væri súr eða eitthvert annað bragð af honum sem ekki ætti að vera.

Þegar ég kom niður í Rjómabú sagði ég Margréti, að ég ætti að taka smákassa fyrir Þorkel á Hamri. “Það er ekki neinn smákassi, ég efa að þú getir reitt hann” sagði Margrét. Þegar við erum búnir að standa þarna smástund, segir Margrét okkur að fara upp til Gunnu, “og fáðu ykkur kaffi hjá henni”. Það var sambyggður skúr vestanvið Rjómabúið, innréttað þar var svefnherbergi þeirra

Hekluganga

Nú er stefnan að ganga á Heklu 19. júlí n.k. Ferðatilhögun er þannig: Föstudaginn 18. júlí kl 19:00 á að hittast í Þjórsárverri og sameinast í bíla og keyra yfir í Rangárvallasýslu þar sem verður tjaldað og grillað. Ungmennafélagið sér um að skaffa kolin en allir koma sjálfir með mat fyrir sig alla ferðina. Hvar verður tjaldað er aðeins á reiki en þið verðið látn vita hvar þegar þið þantið í ferðina.

Morguninn eftir verður farið kl 10:00 af næturstað og hafa þá þeir sem ekki sáu sér fært að mæta kvöldið áður tækifæri til þess að koma inn í hópinn. Ekið verður upp í Skjólkvíar og gengið þaðan upp á fjallið. Uppgangur tekur 3-4 klukkutíma þannig að heimkoma verður seinnipart dagsins.

Við minnum alla á að vera vel búnir, bæði á fótum og af öðrum fatnaði og muna eftir nesti. Í allt eru þetta 3 máltíðir sem þarf að hafa, kvöldmatur, morgunmatur og hádegissnarl sem verður borðað á leiðinni á fjallið.

Þó Umf. Vaka standi fyrir göngunni eru auðvitað allir velkomnir að koma með. Þessi ferð er ætluð fyrir 14 ára og eldri, en yngri mega að sjálf-sögðu koma með í fylgd með foreldrum.

Þeir sem ætla að mæta verða að skrá sig hjá Guðmundu í síma 846-9775 fyrir miðvikudaginn 16. júlí.

Nú er um að gera að æfa sig í að labba upp brekkur og mæta svo með góða skapið í gönguna.

Skemmtinefnd Umf. Vöku

17. júní mót Umf. Vöku 2008

Úrslit

60m hlaup stráka

1. Arnar Einarsson	'96	8,9 sek
2. Halldór Bjarnason	'96	9,6 sek
3. Sveinn Orri Einarsson	'96	10,1 sek
4. Víkingur Freyr Erlingsson	'96	10,3 sek
5. Ægir Atlason	'98	10,4 sek
6. Þorgils Kári Sigurðarson	'98	11,5 sek
7. Sigurður J. Bogans	'01	12,5 sek
8. Ýmir Atlason	'00	12,6 sek
9. Unnsteinn Reynisson	'03	14,3 sek
10. Dagur Fannar Einarsson	'02	14,3 sek
11. Sæþór Atlason	'04	17,9 sek
12. Heinz Jóhann Brynjólfsson	'04	18,6 sek
13. Sigurjón Reynisson	'05	21,5 sek

Gestur

Tómas Örn Ragnarsson	'01	12,7 sek
----------------------	-----	----------

Hvernig bregðast skal við árás ísbjarnar.

Nú þegar ísbirnir eru í vaxandi mæli farnir að ferðast til landsins er ekki úr vegi að rifja upp gömul húsráð af Ströndum um hvernig best er að bregðast við þegar maður rekst á ísbjörn á förnum vegi. Helsta bjargráðið mun vera að hlaupa eins og fætur toga og koma sér inn í hús hið snarasta. Heppilegt getur verið að vera þá jafnan í samfylgd með einhverjum sem hleypur hægar en maður sjálfur. Annað heillaráð sem sumum ungum börnum er kennt, það er að vera ávallt í úthverfum fingravettlingum þegar hafis liggur við landið eða þegar birnir eru á ferðinni. Þegar ísbjörn kemur síðan æðandi á eftir manni er best að taka strax á rás til bæja, en klæða sig úr öðrum úthverfa fingravettlingnum á hlaupunum. Þegar maður er farinn að heyra andardráttinn í birninum fyrir aftan sig á maður að fleygja vettlingnum yfir öxlina og hlaupa áfram sem fætur toga. Sest þá ísbjörninn undantekningarlaust niður og snýr öllum þumlungum við, áður en hann heldur áfram að elta mann. Síðan gerir maður það sama með hinn vettlinginn og sleppur í skjól meðan bjössi baksar við þumlana. Ef stórt grjót, staur eða tré er í nánd við hlaupaleiðina getur verið heillaráð að hlaupa nokkra hringi kringum viðkomandi hlut og ná þar með nokkurra hringja forskoti á bjössa, hlaupa skal svo umsvifalaust áfram í átt til bæja.

Frá Umf. Vöku

Fréttir af Gilitrutt

Gilitrutt hefur farið mikinn um sveitir síðan á afmæli Búnaðarfélags Villingaholtshrepps þar sem hún kom fyrst fram á sjónarsviðið. Leikverkið Gilitrutt var leikið á 100 ára afmæli Umf. Baldurs í apríl sl. og á Fjöri í Flóanum í Þjórsárverri þar sem skellt var upp útileikhúsi. Núna síðast var verkið sýnt á 100 ára afmæli Samhygðar og 90 ára afmæli Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps sem var haldið 21. júní.

En frægðin er ekki búin enn. Gilitrutt verður næst leikin á útisviði á sjálfri Landbúnaðarsýningunni á Hellu í ágúst. Verkið er á dagskrá bæði kvöldin þ.e.a.s bæði föstudags- og laugardagskvöld á veglegri kvöldvöku þar sem landsfrægir skemmtikraftar leika listir sínar t.d. Álftagerðisbræður, Ingó og veðurguðirnir, Hundur í óskilum og auðvitað Gilitrutt. Þeir sem ekki hafa ennþá séð þetta stórskemmtilega verk eru hvattir til að kíkja við á kvöldvökum Landbúnaðarsýningarinnar og veita okkur andlegan stuðning með ríflegu lófaklappi og hlátursrokum.

Leikdeild Umf. Vöku

Möggu og Gunnu, tvö mjó rúm, lítil eldavel, lítið borð og bekkur voru þar einnig og ekki var pláss fyrir meira. Þarna fengum við þetta góða rjómakaffi, sem mér hefur alltaf þótt hinn besti drykkur sem ég fæ. Síðan er ég viss um að Magga hefur talið það heilsuþætandi, sem ég hugsa að sé. En ég var alltaf hri-
finn af þeim Möggu og Gunnu, þær nefndu aldrei að ég væri of lítill til að drekka kaffi, það voru nógir aðrir sem nefndu það. Þegar við erum búnir að drekka kaffi segir Magga: “Eiríkur, ef þú ætlað að reyna að taka kassann hans Kela, þá skaltu binda hestinn sem þú flytur rjómann á aftan í hestinn sem þú reiddst, og gera það vel. Því hann má ekki fara aftanúr á leiðinni, svo setur þú brúsann á, ég rétti þér svo kassann hans Kela þegar þú ert kominn á bak.” Margrét sagði við okkur hver ætti að vera fyrstur og síðastur. Gíslí á Velli átti að vera fremstur, en Lúðvík aftastur og fylgjast með okkur. Magga var bæði stjórnsöm og ráðrík, hin ágætasta manneskja. Guðrún var Andrésdóttir frá Hel-
lukoti á Stokkseyri. Þær störfuðu saman í rúm 30 ár.

Nú höldum við af stað hæga fetið, þegar við erum komnir uppundir Gaulverjabæ þá smáhvessir hann með meiri rigningu. Ég var í vatnskápu, vindurinn var fljótur að slíta allar tölur af henni og kápan því eins og stél út í loftið. Ef einhverjir hefðu séð þessa ferðalanga, hefði það vafist fyrir, hvaða hrúgald væri á fremri sambundna hestinum. Svona dólaði ég austur að Hamri. Þegar þangað kom, stóð Þorkell fyrir norðan hlöðu, mér fannst hann standa á sama stað og í sömu sporum og þegar ég fór útúr. Hann tók í tauminn á hestinum sem ég reið. “Hérna er þessi kassi” sagði ég. “Er þetta svona stór kassi, ég hefði ekki farið að biðja þig að taka hann ef ég hefði vitað hvað hann var stór” sagði Þorkell og sagði mér að fara af baki og fara inn til hennar Guðrúnar og fá eitthvað heitt að drekka. Þegar ég kem að bæjardyrnum þá var Guðrún komin þangað, við heilsuðumst, ég hafði aldrei séð hana fyrr. Hún segir mér að koma í eldhúsið það sé hlýrra þar, “sestu hjá eldavelinni” segir hún, “er þér ekki hálf kalt í þessu veðri. “Nei, mér er ekki neitt kalt að ráði, mér er heldur ekki hlýtt” segi ég. Þegar ég er búin að sitja hjá eldavelinni smá stund kemur hún með krukku og könnu og segir mér að setjst við borðið og fáðu þér hérna svolítið volgt að drekka, þetta var mátulega heitt súkkulaði, “Það er þarna smábíti í bréfi á borðinu” Þetta var tertustykki sem smakkaðist mjög vel. Þetta var í fyrsta skipti sem ég lenti í veistu í mínum rjómf lutningi. Guðrún talaði heilmikið við mig á meðan ég stoppaði þar, mér fannst gaman að koma til hennar, ég hafði aldrei komið þarna fyrr.

Guðrún á Hamri var Helgadóttir, ein af 6 systurum frá Súluholti sem settist að í Gaulverjabæjarhreppnum.

Á leiðinni frá Hamri af Gafla er svona 20 mínútna ferð, mér var orðið hrollkalt þegar ég kom heim, orðinn súgblatur þegar ég fór frá Hamri, fá svo þessa miklu rigningu á móti heim og enginn kassi til að hlífa mér, þegar ég kom heim setti ég hestana inn í rétt, þar var þeim gefin tugga, mér var svo sagt, ef ég kæmi í votu veðri heim þá ætti ég að láta hesta í skjól en ef þeir væru

sveittir þá ætti ég að láta þá inn. Ég sagði frá því heima af hverju ég kæmi svona seint. Fóstura mín sem ég kallaði mömmu, sagði að það væri gott að ég hefði getað tekið þennan kassa fyrir þau á Hamri.

Þegar ég var á þessum aldri, þá þurfti oft að senda mig á næstu bæi með ýmiskonar skilboð. Þá var enginn sími. Eins að fá eitthvað lánað, til dæmis 2 bolla af óbrenndum kaffibaunum og kannski 1 bolla af kandíssykri, svo varð að skila þessu aftur. Núna eru allir svo ríkir að það þarf ekki að fá svonalagað lánað. Núna eru ferðir í kaupstað 2-3 í viku.

Eitt vil ég segja við ykkur að lokum. Ef þið fáið börn í heimsókn, sem eru orðin 7-10 ára, þá talið við þau eins og fullorðin fólk en ekki eins og smábörn í vöggu.

Eiríkur K. Eiríksson

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Gönguferð 2008

Árleg gönguferð Kvenfélags Villingaholtshrepps og Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður hjá Kvenfélagi Villingaholtshrepps í ár.

Ætlunin er að hittast sunnudagskvöldið 13. júlí kl. 20:30 í Mjósýndi, ganga Þjórsárbyggðina og enda í garðinum hjá Stínu í Ferjunesi, þar sem við fáum okkur hressingu. Þetta er ekki erfið ganga.

Öllum konum velkomið að ganga með okkur. (Konur í Kvenfélagi Villingaholtshrepps, munið að koma með kaffi og meðlæti fyrir gesti okkar.) Sjáumst hressar og eigum saman góða stund í léttri kvöldgöngu.

Stjórnin

Skógarganga í Hnausi.

Miðvikudagskvöldið 2. júlí kl: 20:30 mun Pétur í Hnausi leiða fólk um skógræktina hjá sér. Allir sem áhuga hafa eru velkomnir. Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps.

Unglingalandsmót UMFÍ um Verslunarmannahelgina

Um verslunarmannahelgina verður 11. Unglingalandsmót UMFÍ haldið í Þorlákshöfn.

Unglingalandsmót UMFÍ er vímuefnalaus fjölskylduhátíð þar sem börn og unglingar á aldrinum 11 – 18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum. Samhliða er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn verður keppt í fjölda íþróttagreina ma. frjálsum íþróttum, knattspyrnu, körfubolta, mótórrossi, golfi, glímu, hestaíþróttum sundi og skák. Fyrirkomulag keppinnar er þannig að allir geta verið með og tekið þátt.

Setningarathöfn mótsins er á föstudagskvöldið en boðið verður upp á dagskrá öll kvöldin þar sem hljómsveitir og skemmtikraftar halda uppi fjörinu.

Tjaldsvæðin eru í göngufæri við keppnissvæðin. Ekkert gjald er tekið fyrir gistingu á tjaldsvæðum og gildir það fyrir alla.

Öll börn og unglingar á aldrinum 11-18 ára hafa þátttökurétt á mótinu. Keppt er í aldursflokkum og er skiptingin aðeins misjöfn milli íþróttagreina. Öll skráning á mótið fer fram á heimasíðu mótsins www.ulm.is. Skráning hefst í byrjun júlí. Skráningargjald fyrir keppendur er 5.500 kr. og veitir það rétt til keppni að vild. Ekkert annað gjald er innheimt því aðgangur að svæðinu og tjaldsvæðunum er ókeypis nema fyrir þá sem óska eftir rafmagni.

Fjölskyldur barna og unglunga í Flóahreppi eru hvattar til að nýta sér þetta frábæra tækifæri að fara á Unglingalandsmót nú þegar það er haldið hér í nágrenninu.

Sjáumst í Þorlákshöfn!

Rattleikur – Fjör í Flóa

Á Fjöri í Flóa um síðustu mánaðarmót var haldin rattleikur um Flóahrepp. Þátttaka var með ágætum og nú er búið að draga úr réttum svörum. Vinningahafar eru fjölskyldan að Stóra-Ármóti 2, Jóhannes, Helga, Sigurður Andri, Ingibjörg Hugrún og Auður Sesselja. Þau hljóta að launum gjafabréf að andvirði 10.000kr í versluninni Sportbær – Skóbúð Selfoss. Innilega til hamingju.

Fjör í Flóa nefndin